

Norðurlandi vestra 19. október 2020

Fjárlaganefnd Alþingis.

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, 1. mál og þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun áráanna 2021-2025, 2. mál.

Almennt um stöðu sveitarfélaga

Stjórn samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra lýsir yfir þungum áhyggjum af fjárhagsstöðu sveitarfélaga vegna áhrifa heimsfaraldurs. Í maí sendi stjórn samtakanna bókun á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þar sem lýst var áhyggjum vegna stöðunnar. Bókun sú er enn í fullu gildi:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra lýsir yfir miklum áhyggjum af áhrifum Covid-19 faraldursins á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á starfssvæði samtakanna og þeim áhrifum á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ástandið mun hafa vegna versnandi stöðu ríkissjóðs.

Eflitið er til nýlegrar greiningar Bygðastofnunar á áhrifum faraldursins á sveitarfélög í landinu er ljóst að þau verða mikil. Lausafjárstaða og sjóðsstreymi sveitarfélaga mun breytast til hins verra. Tekjur munu dragast saman vegna breytts atvinnustigs með hruni ferðapjónustunnar og afleiddra greina og þannig hafa áhrif á útsvarsstofn sveitarfélaga til lækkunar. Hafnargjöld munu víða dragast saman og gera má ráð fyrir auknum kostnaði við félagsaðstoð. Til viðbótar við framangreint eru mörg sveitarfélög að bregðast við ástandinu með ýmiskonar átaksverkefnum og flýta framkvæmdum með tilheyrandi auknum kostnaði. Allt þetta mun óhjákvæmilega leiða til aukinnar skuldsetningar sveitarfélaganna.

Í áðurnefndri greiningu Bygðastofnunar kemur jafnframt fram að verði 10% samdráttur í skatttekjum ríkissjóðs gætu tekjur Jöfnunarsjóðs dregist saman um 4-5 milljarða sem hefur veruleg áhrif á rekstur sveitarfélaga í landinu. Sú skerðing, til viðbótar við tekjuskerðingu vegna þeirra þátta sem nefndir voru hér að framan verður, verulegt högg fyrir sveitarfélögin í landinu og til langs tíma leiðir til þess að einhver sveitarfélög munu eiga í erfiðleikum með að halda úti lögbundinni þjónustu.

Það er ljóst að áhrif ástandsins á sveitarfélögin munu verða mismikil. Án efa munu fjárhagserfiðleikar einhverra sveitarfélaga kalla á sértækar aðgerðir af hálfu ríkisins. Stjórn SSSNV vill hins vegar benda á mikilvægi þess að gripið verði til almennra aðgerða vegna ástandsins sem klárlega hefur áhrif á öll sveitarfélögin í landinu. Að mati stjórnar SSSNV er vænlegasta almenna aðgerðin að tryggja að ekki verði skerðing á framlögum úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna með því að veita viðbótarfjármagni til sjóðsins. Þannig verði tryggt að fyrirsjáanlegar sveiflur í tekjum sjóðsins vegna efnahagsástandsins muni ekki hafa áhrif á framlög til sveitarfélaganna.

Skorað er á ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ríkisstjórnina alla að grípa til þessarar almennu aðgerðar til að styðja sveitarfélög í landinu öllu við að rækja sitt mikilvæga hlutverk og komast þannig yfir þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi. Skv. skýrslu OECD um svæðabundin áhrif Covid-19 faraldursins munu sveitarstjórnir leika lykilhlutverk í því endurreisnarstarfi sem mun þurfa að eiga sér stað á næstu misserum. Það er því gríðarlega mikilvægt að sveitarfélögin hafi til þess fjárhagslega burði og þar eru

framlög Jöfnunarsjóðs mikilvægur þáttur. Þau framlög mega ekki skerðast eigi sveitarfélögin að geta rækt hlutverk sitt í endurreisninni og haldið úti nauðsynlegri þjónustu fyrir íbúa“.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tók undir framangreinda bókun á fundi sínum þann 12. júní sl.

„Stjórn sambandsins tekur undir áskorun SSNV til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ríkisstjórnarinnar um nauðsyn þess að grípa til almennra aðgerða til að styðja við sveitarfélög í landinu svo þau geti rækt hlutverk sitt og komist yfir þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi. Í því sambandi verður að horfa til þess hve Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er sveitarfélögunum mikilvægur“.

Stjórn SSNV leggur höfuðáherslu á að þær almennu aðgerðir sem vísað er til í framangreindum bókunum komi til framkvæmda með því að tryggt verði að framlög til Jöfnunarsjóðs skerðist ekki með versnandi afkomu ríkissjóðs á gildistíma fjármálaáætlunar árána 2021-2025. Slíkar skerðingar hefðu afar slæm áhrif á íbúa sveitarfélaga á landsbyggðinni sem margir hverjir búa nú þegar við erfiðar aðstæður vegna áhrifa heimsfaraldursins.

Fjárfestingar

Í fjárlögum kemur fram að framlög til fjárfestinga á árinu 2021 séu há í sögulegu samhengi og aukist um ríflega 36 ma.kr. frá fyrra ári. Um er að ræða sérstakt uppbyggingaráttak til stuðnings við hagkerfið vegna áhrifa heimsfaraldurs. **Stjórn SSNV fagnar auknum framlögum til fjárfestinga en vill leggja á það áherslu að tryggt verði að hluti þessa fjármagns renni á Norðurland vestra.**

Í mars 2020 var tekið saman, að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga, yfirlit yfir framkvæmdir í landshlutanum sem ráðast mætti í strax til að sporna við efnahagsáhrifum vegna heimsfaraldursins. Þar eru útlustuð fjölmörg verkefni sem ýmist yrðu unnin í samvinnu ríkis og sveitarfélaga eða af ríkinu einu. Sú samantekt fylgir umsögn þessari sem fylgiskjal. Einnig var í kjölfar óveðurs í desember 2019 tekið saman yfirlit yfir þær framkvæmdir sem nauðsynlegt væri að ráðast í til að bæta úr þeim brotalömmum innviða sem þá komu upp svo tryggja megi öryggi íbúa kæmi til annarra eins hamfara. Hluta þeirra verkefna hefur þegar verið ráðist í og fyrir það ber að þakka en næg verkefni standa enn eftir. Sú samantekt fylgir umsögninni einnig sem fylgiskjal.

Dæmi um framkvæmdir sem tilgreindar eru í framangreindum samantektum eru:

- Rannsóknir og undirbúningur framkvæmda við nýja ytri höfn á Sauðárkróki.
- Flýting framkvæmda við menningarhús á Sauðárkróki.
- Stækkun verk- og bóknámshús Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra¹.
- Gerð jarðganga á milli Fljóta og Siglufjarðar.
- Skilgreining Félagsheimilisins á Hvammstanga sem menningarhúss og endurbætur þess.
- Viðhaldsframkvæmdir á Hvammstangahöfn.
- Nauðsynlegar framkvæmdir við uppbyggingu á Vatnsnesvegar.
- Uppbygging og viðhald bygginga ríkisins á Kvinnaskólareit á Blönduósi
- Aukning framlaga til uppbyggingar ferðamannastaða í landshlutanum.
- Hafnarframkvæmdir á Skagaströnd, bæði við smábátahöfn og eldri hafnarmannvirki.
- Uppbygging textílbúða á Húnavöllum.

¹ Framkvæmd sem sveitarfélögin öll í landshlutanum hafa þegar samþykkt þátttöku í með fyrirvara um þátttöku ríkisins.

- Flýting samgöngu- og innviðaverkefna sem tilgreind eru í [Samgöngu- og innviðaaætlun landshlutans](#).

Öll þau verkefni sem hér að framan eru talin má ráðast í strax. Sjá nánari umfjöllun í fylgiskjali.

Stjórn SSNV lýsir ánægju sinni með að í fjármálaáætlun eru framkvæmdir við Þverárfjallsveg og Skagastrandarveg á áætlun áráanna 2021 og 2022. Um er að ræða afar brýna framkvæmd sem hefur verið áherslumál sveitarfélaganna allra í landshlutanum um árabíl og mikilvægt að ekki verði frekari tafir á.

Um einstaka liði fjárlagafrumvarps

08 Sveitarfélög og byggðamál

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir skerðingu upp á alls 6,1% á árinu 2021 til málaflökks 08 Sveitarfélög og byggðamál. Stjórn SSNV lýsir yfir vonbrigðum með þá fyrirhuguðu skerðingu þegar ljóst er að erfitt verður uppdráttar næstu misseri vegna áhrifa Covid-19. Vísað er til umfjöllunar um stöðu sveitarfélaganna hér að framan í tengslum við þennan þátt. Vert er að nefna sóknaráætlanir landshlutanna sérstaklega. Árið 2020 er fyrsta ár nýs samningstímabils sóknaráætlana. Strax á þessu fyrsta ári má segja að forsendur áætlana hafi að miklu leyti brostið vegna Covid-19 faraldursins. Við lok fyrstu bylgju faraldursins fékkst viðbótarstuðningur inn í sóknaráætlanir og er fyrir það þakkað. Þeir takmörkuðu fjármunir mega sín hins vegar ekki mikils gagnvart þeim vanda sem víða er uppi vegna áhrifa faraldursins. **Stjórn SSNV leggur ríka áherslu á að fjármagn til sóknaráætlana verði stórukið til að þær fái aukinn slagkraft heima í héraði til að sporna við áhrifum heimsfaraldursins og metnaðarfull markmið áætlana náist – samfélögunum til heilla.**

09.1 Löggæsla

Fagnað er áformum um hækkun framlaga til löggæslu. **Vill stjórn SSNV benda á að um árabíl hefur verið baráttumál landshlutans að efla löggæslu í héraðinu** sem er víðfeðmt og þar um liggur langur kafli af þjóðvegi 1. Ástand vega er víða bágborið sem skapar hættu og kallar á aukna löggæslu, bæði með tilliti til fyrirbyggjandi aðgerða en líka viðbragðsaðgerða.

10.3 Sýslumenn

Ánægjulegt er að sjá að aðhaldskrafa málaflökksins er milduð í frumvarpinu. Þó virðist vera um einhverja skerðingu að ræða sem er miður. **Stjórn SSNV hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að tækifæri til eflingar sýslumannsembættisins á Norðurlandi vestra með fjölgun verkefna er fyrir hendi.** Þau verkefni sem þar er sinnt hafa skilað ríkissjóði umtalsverðum fjármunum og er þar helst að nefna sektarinnheimtuna sem er dæmi um afar árangursríkan flutning verkefna á landsbyggðina. **Vert er að vekja athygli á að flutningur fyrirliggjandi verkefna á starfsstöðvar sem þegar eru til staðar í landshlutanum fela alla jafna ekki í sér viðbótarkostnað fyrir ríkið en skipta byggðarlögin sem um ræðir miklu máli.**

11.1 Samgöngur

Vísað er til umfjöllunar hér að framan um samgöngumál og brýnustu verkefna í landshlutanum sem tilgreind eru í [Samgöngu- og innviðaaætlun landshlutans](#). **Gerð er krafa um að ásættanlegt hlutfall þeirra framkvæmda sem koma til vegna viðbótar í málaflökkinn renni inn á Norðurland vestra.** Af áætlun um fjármál má ætla að ekki standi til að efla að nýju heilbrigðisþjónustu í landshlutanum. Því er nauðsynlegt að bæta samgöngur svo íbúar svæðisins sitji við sama borð og íbúar annarra landshluta.

Þar með eru taldar flugsamgöngur með viðhaldsframkvæmdum á Alexandersflugvelli og skilgreiningu hans í grunnnet flugvalla að nýju. Flugvöllurinn fellur undir verkefnið Loftbrú sem nýverið var hleypt af stokkunum og því þarf að tryggja að aðstaða sé fyrir hendi til að reglubundið áætlunarflug hefjist þar að nýju. Einnig er brýnt að Blönduósflugvöllur fái nauðsynlegt viðhald vegna þess mikilvæga öryggishlutverk sem hann gegnir og reyndi á s.l. vetur þegar hópslys varð á þjóðvegi 1 í A-Húnavatnssýslu auk smærri slysa sem kölluðu á skjóta flutninga slasaðra.

11.2 Fjarskipti, netöryggi og pósthjónusta

Stjórn SSNV vill nota tækifærið og þakka fyrir gott samstarf við Fjarskiptasjóð vegna átaksins Ísland ljóstengt. Ánægjulegt er að sjá í drögum að fjármálaáætlun að stefnt er að lokum þess átaks á árinu 2021. Stjórn SSNV vill benda á að þó hilli undir lok verkefnisins er langt frá því að verkinu sé lokið. Enn standa eftir tengingar í minni þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni þar sem ljóst er að þjónusta verður ekki rekin á markaðslegum forsendum frekar en í dreifbýli. **Afar mikilvægt er að brugðist verði við því með samskonar átaki og Ísland ljóstengt til að íbúar þessara smáu þéttbýliskjarna sitji ekki eftir.**

Stjórn fagnar einnig auknum fjárheimildum til að bæta varaafli á lykil fjarskiptastöðum til að koma í veg fyrir að samband rofni í rafmagnsleysi. Fjarskipti rofnuðu á stóru svæði í landshlutanum í óveðri í desember 2019 sem skapaði mikla hættu. **Lögð er áhersla á að úr verði bætt til að öryggistilfinning íbúa styrkist á ný.**

Jafnframt vill stjórn SSNV vekja athygli á þeirri áherslu sem fram kemur í [Samgöngu- og innviðaaætlun](#) landshlutans varðandi gsm og 3/4G samband í landshlutanum. Við vinnu við gerð áætlunarinnar var gerð könnun meðal íbúa sem leiddi í ljós afar bágborða stöðu hvað þessi mál varðar í landshlutanum. Útbreiðslukort gsm og 3/4G sambands gefa kolranga mynd af raunverulegri stöðu mála. Þær mælingar sem þar er miðað við eru í besta falli sannar rétt við veg en ástandið versnar mikið þegar komið er rétt fyrir utan vegstæði og heim að bæjum. Einnig eru brotalamir á Tetra sambandi í landshlutanum en vegna bágborins ástands þeirra fjarskiptakerfa sem þegar hafa verið nefnd reiða viðbragðsaðilar sig á Tetra kerfið til samskipta. Kerfinu er enda ætlað að sinna þörfum þeirra við verkefni þar sem hraði og öryggi skipta sköpum. Í kjölfar óveðurs í lok ársins 2019 var ráðist í einhverjar úrbætur á kerfinu en enn er langt í land til að ástand þess verði viðunandi. Það er samdóma álit viðbragðsaðila að ástand kerfisins skapi mikla hættu og geti komið í veg fyrir að þeir geti rækt störf sín í þágu íbúa og ferðamanna á vegum landshlutans. **Nauðsynlegt er að veita fjármagni til uppbyggingar fjarskiptakerfa í landshlutanum til að auka öryggi íbúa og þeirra sem um landshlutann fara.**

12 Landbúnaður

Þær þrengingar í landbúnaði, sérstaklega sauðfjárbúskap, sem hafa átt sér stað undanfarin misseri eru grafalvarleg ógn við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra sem er eitt mesta landbúnaðarhérað landsins. **Þess er krafist að ríkisvaldið standi með bændum og veiti þann stuðning sem þörf er á svo ekki verði flótti úr stéttinni með alvarlegum afleiðingum fyrir þau samfélög á Norðurlandi vestra sem byggja afkomu sína að einhverju eða mestu leyti á þjónustu við bændur.** Einkum er mikilvægt að gerðar verði sömu velferðar- og heilbrigðiskröfur til innfluttra matvæla og innlendra og að stuðningur verði veittur til markaðssetningar og vörupróunar á afurðum til að auka verðmæti þeirra og þannig hækka afurðaverð til bænda.

Stjórn fagnar auknum framlögum til nýsköpunar og þróunarverkefna á sviði matvælaframleiðslu með Matvælasjóði. **Mikilvægt er að bændur fái stuðning til nýsköpunar og þróunar framleiðslu sinnar til**

að auka virðisaukann sem verður eftir í héraði. Lagt er til að tryggt verði að þau svæði sem reiða sig hvað mest á landbúnað fái sérstakan stuðning í þessu tilliti.

14 Ferðapjónusta

Ekki þarf að fjölyrða um stöðu ferðapjónustunnar í landinu vegna áhrifa Covid-19. Sökum þessa er ánægjulegt að sjá aukna fjármuni setta í uppbyggingu ferðamannastaða. Stjórn SSNV hefur lengi haft áhyggjur af stöðu landshlutans hvað slíka uppbyggingu varðar og m.a. gert athugasemdir við úthlutanir Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í því tilliti. Það verður að segjast eins og er að uppbygging innviða í ferðapjónustu er skemur á veg kominn í landshlutanum samanborið við marga aðra landshluta og gefst nú tækifæri til að bæta verulega úr. **Mikilvægt er að tryggt verði að þau svæði sem eru utan vinsælustu ferðamannastaða, eins og Norðurland vestra, fái sérstakan stuðning til uppbyggingar innviða til að tryggja að þau verði viðbúin til að taka á móti ferðamönnum þegar þeir fara að sækja landið heim að nýju en ekki síður til að halda uppi atvinnustigi og hagvexti í landshlutanum.**

15 Orkumál

Þegar hafa komið fram áherslur landshlutans á úrbætur á dreifikerfi raforku í landshlutanum sem reyndi á í óveðrinu í desember 2019. Kynnt hafa verið áform um auknar fjárveitingar í málaflokkinn sem ber að fagna. Endurtekin er áhersla stjórnar SSNV á að tryggt verði að hluti þess viðbótarfjármagns renni inn á Norðurland vestra enda eru verkefnin ærin eins og fram kemur í samantekt um nauðsynlegar úrbætur í kjölfar fyrrnefnds óveðurs. Jafnframt fagnar stjórn áformum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku á landsbyggðinni sem mun nýtast íbúum á köldum svæðum afar vel. Þó hitaveita sé útbreidd í landshlutanum eru nokkur svæði sem ekki hafa tækifæri á henni og er aðstöðumunur þeirra svæða mikill með tilliti til búsetu og atvinnustarfsemi.

17 Umhverfismál

Á árinu 2020 var gefin út skýrsla með greiningu á kolefnisspori landshlutans sem fjármögnuð var úr Sóknaráætlun Norðurlands vestra. **Stjórn SSNV lýsir sig reiðubúna til samstarfs, með fjárstuðningi frá ríkinu, til áframhaldandi vinnu sem lýtur að því að minnka kolefnisspor landshlutans.**

Annað

Í sáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er í kaflanum um byggðamál fjallað um að skoða eigi kosti þess að nýta námslánakerfið og önnur kerfi sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum². Í lögum um Menntasjóð er stigið skref þá átt en að mati stjórnar má ganga mun lengra til að styrkja byggðir í landshlutanum. Í Noregi hefur náðst árangur í að beita slíkum aðferðum til að hvetja til jákvæðrar byggðapróunar á dreifbýlum svæðum. Eru nefnd nokkur dæmi sem gefist hafa vel í Noregi³:

1. Á tilteknum svæðum er heimilt að endurgreiða tiltekna prósentu af stofnkostnaði nýrrar atvinnustarfsemi. Stuðningurinn getur mestur orðið 35% af stofnkostnaði.
2. Almennt tryggingargjald í stærstu sveitarfélögunum, t.d. Osló, er 14,1% en ekkert tryggingargjald er í nyrstu sveitarfélögunum. Tryggingargjaldið getur verið þarna á milli, allt eftir nánari reglum þar um. Þetta er talið mjög örvandi fyrir iðnaðarstarfsemi og þjónustustarfsemi og aðra vinnuafslsreka starfsemi.

² <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c> Sótt 14.

Maí 2019. Bls 10.

³ Tölur frá árinu 2018.

3. Tekjuskattur er mishár eftir svæðum. Um er að ræða þrjá þætti:
- Sérstakur skattafsláttur sem nemur 15.000 NOK (187 þús ISK) í skattþrepi 1 og 30.000 NOK(375 þús ISK) í skattþrepi 2.
 - Tekjuskattprósentan er 3,5% lægri á aðgerðasvæðinu en annars staðar á landinu.
 - Hærra skattþrep er 2% lægra en annars staðar á landinu. Einstaklingur sem býr á aðgerðasvæðinu, þ.e.a.s. Finnörku eða einum af hinum 7 sveitarfélögunum í Norður-Troms, fær um 10% hærri nettó tekjur en sá sem býr utan svæðis þegar allt er reiknað saman af persónubundnum ívilnunum.

Til þess að jafna samkeppnisstöðu landshlutans gagnvart höfuðborgarsvæðinu, sem nýtur þess að þar er nánast öll stjórnýslan og langstærstu út- og innflutningsgáttir landsins, **telur stjórn SSNV að aðgerðir, s.s. lægra tryggingargjald, beinn stuðningur við að setja á stofn atvinnurekstur, á svæðum sem ekki eru á svokölluðu vaxtarsvæðum, stuðli að eflingu atvinnulífs svæðanna. Einnig telur stjórn SSNV að lægri tekjuskattur á einstaklinga og fyrirtæki á tilteknum svæðum sem búið hafa við viðvarandi fólksfækkun stuðli að bættri samkeppnisstöðu landshlutans. Að lokum má nefna að ívilnanir í formi niðurfellingar námslána þeirra sem flytjast í hinar dreifðari byggðir að loknu námi geti með sama hætti stuðlað að því að ungt fólk taki sér búsetu á landsbyggðinni að námi loknu.**

Stjórn SSNV skorar á ríkisvaldið að taka framangreindar leiðir til ítarlegrar skoðunar með það fyrir augum að koma á sambærilegu kerfi til að hvetja til búsetu í hinum dreifðari byggðum landsins og þannig ná fram markmiðum bæði stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur og gildandi byggðaáætlunar um að í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við frumvarpið og þingsályktunartillöguna á síðari stigum og lýsir sig jafnframt reiðubúna til samtals við fjárlaganefnd um innihald umsagnarinnar og stöðu landshlutans.

F.h. stjórnar SSNV



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl:

- Samantekt fyrir átakshóp stjórnvalda vegna veðurs í desember 2019.
- Framkvæmdaáform sveitarfélaga og tillögur að framkvæmdum á Norðurlandi vestra.

Samantekt fyrir átakshóp stjórnvalda vegna veðurs í desember 2019



Inngangur

Skv. beiðni frá átakshópi stjórnvalda um eflingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma hafa verið teknar saman upplýsingar frá sveitarfélögum á Norðurlandi vestra skv. spurningalista hópsins. Upplýsinga var aflað frá sveitarfélögum á starfssvæði samtakananna og skiluðu þau af sér ýmist með greinargerðum eða í samtölum.

Í samantektinni er fjallað um hverja spurningu fyrir sig, fyrst almennt yfir svæðið en í kjölfarið, þar sem ástæða er til, sundurliðað eftir áherslum í hverri sýslu fyrir sig, V-Húnavatnssýslu, A- Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu.



Sveitarfélög á Norðurlandi vestra: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósþing, Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.
Íbúafjöldi 1. janúar 2020: 7324.

1

Mat á því hvernig fyrirtæki og stofnanir sem reka mikilvæga innviði voru undirbúin fyrir óveðrið, hvernig unnið var í samræmi við viðbragðsáætlanir, hvernig til tókst að framfylgja viðbragðsáætlun, almennt mat á því hvað betur hefði mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því.

- Veðurstofan miðlaði með góðum fyrirvara greinargóðum upplýsingum um möguleika á hættuástandi.
- Vegagerðin lokaði vegum snemma sem kom í veg fyrir að fólk væri á ferð á vegum úti.
- Sveitarfélög lokuðu skólum og öðrum stofnunum í tíma áður en veður skall á.
- Fyrirtæki í landshlutanum lokuðu sömuleiðis almennt í tíma.
- Sveitarfélögin sem reka hitaveitur og aðra innviði gripu til ráðstafana til að reyna að tryggja heitt vatn og koma í veg fyrir tjón færi allt á versta veg.
- Björgunarsveitir af höfuðborgarsvæðinu sendu viðbótar mannskap og tækjakost á staðinn.

Góður undirbúningur ofangreindra aðila varð m.a. til þess að íbúar og ferðafólk var ekki á ferli eftir að veðrið skall á sem kom í veg fyrir óþarfa álag á viðbragðsaðila.

Almennt séð má segja að þær stofnanir sem reka mikilvægustu innviðina hafi því miður ekki staðið eins vel að undirbúningi fyrir veðurofsann. Undantekningin á því er Landsvirkjun sem mannaði Blönduvirkjun með 5 mönnum svo hægt yrði að stýra virkjuninni handvirkt færi allt á versta veg. Er henni alla jafna að mestu stýrt frá Reykjavík. Hvorki Rarik né Landsnet sendu mannskap á svæðið. Lögreglan tryggði ekki mönnun á öllum svæðum, t.d. var enginn lögreglumaður í V-Húnavatnssýslu á meðan veðrið gekk yfir. Almannavarnarnefnd í Húnavatnssýslum hittist ekki áður en veðrið skall á sem hefði þurft.



1

Mat á því hvernig fyrirtæki og stofnanir sem reka mikilvæga innviði voru undirbúin fyrir óveðrið, hvernig unnið var í samræmi við viðbragðsáætlanir, hvernig til tókst að framfylgja viðbragðsáætlun, almennt mat á því hvað betur hefði mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því.

NAUÐSYNLEGAR AÐGERÐIR

- Efling starfsstöðva í landshlutanum á ný, aðallega Landsnet, Rarik og Vegagerðin. Í því felst aukinn mannaflí og bættur tækjakostur en hann er orðinn gamall og úr sér genginn. Einmenningsstöðvar með úr sér genginn tækjabúnað mega sín lítils við þær aðstæður sem sköpuðust. Í veðrinu var fólki ítrekað stefnt í hættu við vinnu sína og slíkt er ótækt. Auk viðbótar mönnunar á starfsstöðvum verða stofnanir/fyrirtæki sem reka innviði á svæðinu að senda auknar bjargir á svæðið (mannskap og tæki) þegar útlit er fyrir eins slæm veður og raunin varð í desember.
- Tryggja þarf mönnun lögreglu í öllum landshlutanum.
- Einnig þarf að tryggja að í þéttbýliskjörnum þar sem ekki eru fullmannaðar heilsugæslustöðvar séu heilbrigðisstarfsmenn sem geta veitt aðstoð ef til slysa kemur.
- Tryggja þarf að viðbragðsaðilar eigi sæti í almannavarnarnefndum og að þær séu virkar.
- Almennt er þörf á aðgerðaráætlunum í landshlutanum fyrir aðstæður sem sköpuðust.
- Í einhverjum tilfellum er þörf á að koma upp betri aðstöðu fyrir aðgerðastjórn í héraði.
- Allar stofnanir þurfa að vinna viðbragðsáætlanir og að þær séu aðgengilegar íbúum/forsvarsmönnum sveitarfélaga svo vitað sé hvaða ferli fer í gang við hættuástand.



2

Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og sköpuðust. Tillögur til úrbóta.

- Almennt séð má segja að varafl sé langt frá því að vera nægilegt í landshlutanum. Í einhverjum tilfellum kemur það til af því að stofnanir sem reka raforkukerfið hafa stórlega vanmetið stöðu kerfisins og staðhæft að varafls sé ekki þörf. Hafa bæði stofnanir/fyrirtæki og bændur fengið slíka ráðgjöf.
- Á Sauðárkróki eru varaafsstöðvar sem saman skila 1,6 MW. Þegar vantað hefur varaafli annars staðar á landinu hafa þær verið fluttar þangað um lengri eða skemmri tíma á kostnað raforkuöryggis á Sauðárkróki.
- Ekki er tiltækt varaafli á öllum heilbrigðisstofnunum. Starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hvammstanga er án varaafli. Lögreglustöð á Sauðárkróki er sömuleiðis án varaafli. Gönguskarðsárvirkjun við Sauðárkrók skilar 2MW inn á kerfi Rarik við bestu aðstæður en ekki er hægt að nýta það rafmagn á Sauðárkróki og hafa ekki fengist skýringar á hvers vegna.
- Á Sauðárkróki var rafmagni skammtað. Dreifing þess og skömmun var framan af ómarkviss og skömmunaráætlun kom alltof seint frá Rarik.
- Ekki eru varaafllstöðvar í öllum þéttbýliskjörnum eða aðgengi að þeim tryggt. Á Skagatrönd er varaafllstöð en lykill að henni geymdur á Blönduósi. Ekki var fært á milli þessara staða í veðrinu. Þar sem varafl er til staðar virðist sem reglulegum prófunum á því sé ekki sinnt og í einhverjum tilfellum tókst ekki að koma því í gang.
- Ekki mátti tæpara standa með olíu til að knýja það varaafli sem þó var til staðar en á Hvammstanga var gengið á milli húsa til að safna olíu til að knýja vélar og varaafli.
- Almennt séð eru fyrirtæki ekki með tiltækt varaafli.



2

Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og sköpuðust. Tillögur til úrbóta.

AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA

- Bæta þarf afhendingaröryggi raforku á svæðinu bæði með styrkingu flutningslína á svæðið og dreifikerfis – sjá nánar í 7. lið um eflingu innviða.
- Tryggja þarf nægilegt varaafli í landshlutanum:
 - Allir þéttbýlisstaðir hafi varaafli og þar sem þörf er á skömmtum rafmagns liggi fyrir áætlanir um með hvaða hætti skömmtum fer fram.
 - Allar heilbrigðisstofnanir, lögregla og aðrir viðbragðsaðilar hafi varaafli.
 - Tryggja þarf framboð minni rafstöðva sem hægt er að flytja með skömmum fyrirvara þangað sem þeirra er þörf, svo sem á svæði sem eru án hitaveitu og til kúabænda sem margir urðu fyrir stórtjóni í veðrinu.
 - Þar sem varaafilstöðvar eru til staðar þarf að tryggja að á viðkomandi stað sé aðgengi að þeim, þær prófaðar reglulega, vélum við haldið og kunnátta til að ræsa þær til staðar.
 - Tryggja þarf aðgengi að olíu til að knýja varaafilstöðvar. Birgðatankar eru ekki lengur til staðar á svæðinu og olíubirgðir að mestu takmarkaðar við birgðatanka afgangslustöðva. Tryggja þarf að hægt sé að afgreiða olíu á þessum stöðvum við þær aðstæður sem sköpuðust.



2

Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og sköpuðust. Tillögur til úrbóta.

AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA EFTIR SÝSLUM (NÁNAR):

Skagafjarðarsýsla

- Tryggja að Gönguskarðsárvirkjun geti keyrt rafmagn inn á bæjarkerfið á Sauðárkróki til að tryggja bænum varaafli.
- Tryggja varaafli fyrir aðra þéttbýlissvæði í héraðinu.

A-Húnavatnssýsla

- Varaafllsvél á Skagaströnd verði viðhaldið og hún prófuð reglulega. Lyklar að henni verði aðgengilegir á Skagaströnd og þjálfaður upp mannskapur á staðnum svo ekki sé þörf á mannskap frá starfsstöð Rarik á Blönduósi.
- Tvöfalda þarf tengingu inn nýtt iðnaðarsvæði við Blönduós en það var án rafmagns í rúman sólarhring, eina svæðið sem varð fyrir langvarandi rafmagnsleysi á svæðinu. Þar er rekið gagnaver og tjón mikið.

V-Húnavatnssýsla

- Ekkert tiltækt varaafli. Tryggja þarf varaafli á Hvammstanga.
- Starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Vesturlands verður að hafa sitt eigið varaafli.

3

Mat á samspili kerfa við aðstæður sem þessar, t.d. hversu háð fjarskiptakerfi eru raforkukerfum.

Fjarskiptakerfi og í raun flest öll nútímakerfi eru háð rafmagni. Það er deginum ljósara að tryggja þarf raforkuöryggi með betri hætti en gert er í dag til að kerfin þjóni tilgangi sínum. Það er t.d. gert með hringtengingu rafmagns, tryggu varaafli á fjarskiptasendum og með tryggu varaafli í héraði. **Þetta málefni þarfnast talsverðar endurskoðunar, sérstaklega í ljósi þess að viðbragsaðilar sem og almenningur eiga allt undir að þessir hluti virki á ögurstundu, hvort sem um er að ræða óveður eða aðrar hamfarir.** Einnig má benda á í þessu samhengi að GSM-kerfið er í raun öryggiskerfi íbúa hvað símasamband varðar þar sem stór hluti þeirra er ekki með landlínur tengdar við símtæki. Símtækjum sem tengd eru í koparlínur fær ört fækkandi en nútíma landlínutengingar í gegnum ljósleiðara liggja eðli málsins samkvæmt niðri í rafmangisleysi. Til viðbótar við fjarskiptin þá lágu útvarpsútsendingar víða niðri og á köflum einnig á langbylgju sem á að gegna öryggishlutverki.

Í kjölfar óveðursins er það algera sambandsleysi sem víða varð, og öryggisleysi sem því fylgdi, það sem einna mest situr í íbúum svæðisins. Að upplifa sig ekki lengur öruggan á heimili sínu er skelfileg tilfinning.

Almennt séð eru fjarskiptakerfi í landshlutanum í ólestri, sérstaklega í dreifbýli. Í þessu sambandi er vísað til könnunar sem unnin var samhliða gerð [Samgöngu- og innviðaaætlunar Norðurlands vestra](#). Þar kemur skýrt fram að úbreiðsla kerfanna er langt frá því að vera með þeim hætti sem útbreiðslukort gefa til kynna. Þetta þarf að laga!



3

Mat á samspili kerfa við aðstæður sem þessar, t.d. hversu háð fjarskiptakerfi eru raforkukerfum.

AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA

- Bæta þarf fjarskiptasamband með fjölgun senda og nýta staðbundna þekkingu heimamanna varðandi ákjósanlegustu staði fyrir sendana.
- Tryggja þarf lengra varaafli á sendum símkerfa en nú er.
- Tryggja þarf reiki milli farsímakerfa svo hvaða fjarskiptafyrirtæki skipt er við verði ekki ráðandi þáttur í hvort fólk sé öruggt á heimilum sínum eða á ferðum sínum um vegi landsins.
- Treysta þarf Tetra samand verulega á starfssvæðinu öllu en það lá niðri á ákveðnum svæðum um tíma.
- Endurskoða þarf útsendingarkerfi ríkisútvarpsins og efla það verulega svo stofnunin megi rækja skilgreint öryggishlutverk sitt. Skoða þarf hvort langbylgja er í dag aðgengilegasta leiðin til neyðarútsendinga. Ný útvörp hafa mörg hver ekki möguleikann á að taka við langbylgjuútsendingum og á það jafnframt við um útvörp í nýjum ökutækjum. Mögulega þarf frekar að leita leiða til að efla FM útsendingar frekar en að viðhalda bæði LW og FM útsendingum.



4 Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, svo sem mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Var nægilegur mannafla til staðar, á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust, og meta hvort tækjakostur hafi verið fullnægjandi og aðgengilegur.

Eins og fram hefur komið skortir verulega á mönnun þeirra stofnana sem reka innviðakerfin á svæðinu. Viðunandi mönnum bæði með öflugri starfsstöðvum og viðbótar mannskap annars staðar frá hefði tryggt betra viðbragð. Sömuleiðis er tækjakostur af skornum skammti og/eða úr sér genginn. Þegar veðrinu slotaði komu þessir aðilar inn á svæðið mjög vel tækjum búnir. Með í för voru verktakar frá fyrirtækjum utan svæðis en nær hefði verið að nýta verktaka af svæðinu til að byggja upp nauðsynlega staðbundna þekkingu til að auðvelda viðbragð í framtíðinni.

Á hluta svæðisins þarf að virkja almannavarnarnefndir betur og tryggja að í þeim sitji fulltrúar viðbragðsaðila, skipa þarf aðgerðastjórn og eins og fram hefur komið þarf að vera til staðar aðstaða fyrir aðgerðastjórnir. Einnig þarf að tryggja fræðslu og þjálfun viðbragðsaðila í samstarfi að aðgerðastjórnunarmálum og í þekkingu á SÁBF kerfinu.

Huga þarf að upplýsingagjöf, hlutverki RÚV í henni og að fluttar séu fréttir af öllu svæðinu. Er það mikilvægt fyrir þá aðila innan svæðis sem ná útvarpi en eru sambandslausir að öðru leyti. Ekki dugar að vísa í heimasíður til nánari upplýsinga eins og ítrekað var gert við fréttáflutning á meðan á veðrinu stóð.



4

Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, svo sem mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Var nægilegur mannafla til staðar, á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust, og meta hvort tækjakostur hafi verið fullnægjandi og aðgengilegur.

AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA:

- Efling starfsstöðva í landshlutanum á ný, aðallega Landsnet, Rarik og Vegagerðin. Í því felst aukinn mannafla og bættur tækjakostur en hann er orðinn gamall og úr sér genginn. Einmenningsstöðvar með úr sér genginn tækjabúnað mega sín lítils við þær aðstæður sem sköpuðust. Í veðrinu var fólki ítrekað stefnt í hættu við vinnu sína og slíkt er ótækt. Auk fastrar viðbótar mönnunar á starfsstöðvum verða stofnanir/fyrirtæki sem reka innviði á svæðinu að senda auknar bjargir á svæðið (mannskap og tæki) þegar útlit er fyrir eins slæm veður og raunin varð í desember.
- Verktakar á svæðinu verði fengnir til viðgerða í kjölfar aðstæðna sem sköpuðust í óveðrinu til að byggja upp þekkingu sem nýtist til viðbragðs síðar.
- Gera þarf aðgerða- og viðbragðsáætlanir og hafa sveitarfélög og stofnanir þeirra víða hafið þá vinnu á starfssvæðinu.
- Tryggja þarf að stofnanir sem reka innviðakerfi á svæðinu hafi aðgerða- og viðbragðsáætlanir og þær séu aðgengilegar til að tryggja skilvirkni við aðgerðastjórn.

4

Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, svo sem mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Var nægilegur mannafla til staðar, á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust, og meta hvort tækjakostur hafi verið fullnægjandi og aðgengilegur.

AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA EFTIR SÝSLUM UMFRAM ÞÆR SEM ÞEGAR HAFNA KOMIÐ FRAM:

Skagafjarðarsýsla

- Setja þarf upp aðstöðu fyrir aðgerðastjórnun.

A-Húnavatnssýsla

- Aukin mönnun Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og tryggð mönnun á Skagaströnd þegar útlit er fyrir að vegir lokist um lengri tíma til að tryggja öryggi íbúa.
- Tryggja aðgengi að varaafsvélum á Skagaströnd.
- Nauðsynlegt að inn á svæðið komi 2 snjóbílar.

V-Húnavatnssýsla

- Mönnun í Hrutatungu þegar útlit er fyrir aðstæður eins og þær sem sköpuðust í óveðrinu.
- Skipa þarf aðgerðastjórn.



5

Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarka

- Styrkja þarf Blöndulínu 2 að spennivirki við Varmahlíð. Í veðrinu var hún úti í tæpar 18 klst.
- Tryggja þarf að Blöndulína 3 komi til framkvæmda sem allra fyrst til að auka afhendingaröryggi raforku í Skagafirði og víðar.
- Setja þarf upp nýtt spennuvirki í Hrútatungu og byggja yfir það.
- Stækka þarf spennu við Laxárvatn svo hann haldist inni við aukið álag líkt og skapaðist í veðrinu.
- Styrkja þarf línu frá Blöndu í Hrútatungu.
- Almennt séð þarf að ljúka þrífösun rafmagns sem allra fyrst. Núgildandi áætlanir Rarik eru engan veginn ásættanlegar.
- Skilgreina þarf GSM samband sem öryggisfjarskiptanet almennings til viðbótar við, eða í stað, landlínukerfis og fjölga sendum eins og fram hefur komið.
- Efla þarf útbreiðslu Tetra kerfisins eins og fram hefur komið til að tryggja þjónustu viðbragðsaðila og öryggi íbúa.
- Styrkja þarf Rangárvallarlínu (milli Varmahlíðar og Akureyrar) sem er elsti hluti byggðalínunnar og með minnstu flutingsgetuna. Þó línan hafi haldið í veðrinu sem gekk yfir í desember er nauðsynlegt að styrkja hana til að tryggja afhendingaröryggi raforku á Norðurlandi.

5

Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarka

- Ljóst er að tjón hefur víða orðið á sjóvarnargörðum. Leggja þarf mat á það og bæta það eftir atvikum.

- Mikilvægt er að viðbótarfjármagni verði veitt til viðgerða á þeim kerfum Rarik sem skemmdust í óveðrinu svo stofnunin þurfi ekki að skera niður í annarri starfsemi, svo sem fyrirliggjandi framkvæmdum, til að koma til móts við kostnað vegna tjóns.
- Mikilvægt er að tryggj sé að Bjargráðasjóður fái viðbótarfjármagn til að mæta stórtjóni á girðingum en skv. fréttum hefur sjóðurinn ekki burði til að bæta eins mikið tjón og útlit er fyrir að hafi orðið. Sömuleiðis er afar mikilvægt að fundnar séu leiðir til að bæta bændum afurðatjón og tjón á búfenaði en Náttúruhamfaratrygging Íslands bætir ekki slíkt tjón né aðrar tryggingar bænda. Fordæmi eru fyrir því að ríkið bregðist við þegar slík stóraföll verða.

5

Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarka

AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA EFTIR SÝSLUM UMFRAM (NÁNAR):

Skagafjarðarsýsla

- Tryggja þarf að Sauðárkrókslína 2 (Varmahlíð – Sauðárkrókur) verði komin í notkun haustið 2020 eins og fyrirhugað er.
- Án tafar þarf að ráðast í að setja Glaumbæjarlínu í jörð en hún er ein elsta loftlína landsins. Sömleiðis Skagalínu. Þeir bæir sem fá rafmagn í gegnum þessar línur urðu lengst án rafmagns eða frá þriðjudegi til laugardags (Glaumbæjarlína) eða sunnudags (Skagalína), þ.e. 5-6 daga.
- Mikilvægt er að ráðast í brýnar úrbætur á Sauðárkrókshöfn. Milljarða tjón hefði getað orðið í óveðrinu ef togarnir hefðu slitnað endanlega frá landfestum og rekið upp í syðri hafnargarðinn eins og við lá.

Skagafjarðarsýsla, frh.

- Tryggja þarf fjármagn til lagfæringa á varnargarði við Skarðseyri á Sauðárkróki. Ítrekað hefur flætt á land vegna skemmda á garðinum.

A-Húnavatnssýsla

- Tvöfalda þarf tengingu frá Laxárvatni inn á iðnaðarsvæði við Blönduós.
- Bæta þarf skemmdir á Skagastrandarhöfn.
- Bæta þarf tjón á sjóvarnargörðum á Skaga.

V-Húnavatnssýsla

- Ljúka þarf við að leggja í jörðu línuna frá Laxárvatni í Víðidal í V-Hún. Hefði sá kafla verið í jörðu hefði rafmagn haldist á Hvammstanga að mestu.



6

Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnsýslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.

Ljóst er að grípa þarf til aðgerða til einföldunar á leyfisveitingarferli til að hægt sé að ráðast í nauðsynlegar endurbætur og uppbyggingu flutnings- og dreifikerfis raforku á Íslandi. Erfitt er að benda á eitthvað eitt sem lausn á þessu vandamáli en nefnt hefur verið að fækka kæruleiðum t.d. með því að sameina aðskilda málsmeðferð, svo sem aðalskipulagsmeðferð, deiliskipulagsmeðferð og veitingu framkvæmdaleyfis. Með því móti mætti stytta þann tíma sem mál taka í meðförum þar sem kæruleiðum fækkar. Bent hefur verið á að í Noregi hafi einföldunin tekist vel og vert að skoða með hvaða hætti þessi mál eru unnin þar.

Með öllu er ótækt að einstaka aðilar geti unnið gegn almannahagsmunum með því að standa í vegi fyrir nauðsynlegum framförum er varða almannahagsmuni í heilu landshlutunum en um það eru fjölmörg dæmi á landinu öllu.

6

Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnsýslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.

DÆMI 1. Sauðárkrókslína 2:

- Sauðárkrókslína 2 hefur verið inni á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar síðan sveitarstjórn samþykkti aðalskipulag fyrir tímabilið 2009-2021, þann 17. desember árið 2009. Það skipulag var staðfest 25. maí 2012 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 11. júní 2012. Ástæða tafa á staðfestingu skipulags af hálfu ráðherra laut að því hvort stytting á legu þjóðvegur 1 í gegnum Sveitarfélagið Skagafjörð ætti að vera inni á aðalskipulagi eða ekki.
- Þrátt fyrir nýtt aðalskipulag þar sem Sauðárkrókslína 2 var inni hóf Landsnet ekki undirbúning framkvæmda fyrr en árið 2017, eða meira en 7 árum eftir samþykki sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar á aðalskipulagi þar sem Sauðárkrókslína 2 var komin inn. Í erindi frá Landsneti til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 11. janúar 2017, var forsaga málsins rakin og m.a. sagt: „Vegna breyttra aðstæðna var verkið sett í biðstöðu árið 2009, en er nú komið á dagskrá að nýju.“ Í sama erindi var óskað eftir breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna áforma um breytta legu á hluta strengsins.
- Sveitarfélagið Skagafjörður lagði til við Landsnet í kjölfarið að fyrirtækið myndi tvískipta framkvæmdinni og hefjast strax handa við þann hluta strengsins sem hafði verið samþykktur í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 á meðan unnið væri að breytingum á aðalskipulagi. Svar Landsnets var að þeir vildu bjóða verkið út sem eina heild. **Landsnet hefði hins vegar þá þegar getað hafist handa við framkvæmdir u.þ.b. helmings leiðarinnar.**
- Breytingar á aðalskipulagi Svf. Skagafjarðar, þar sem breytt legu Sauðárkrókslínu 2 var komin inn, voru samþykktar í sveitarstjórn 24. apríl 2019. Beiðni um framkvæmdaleyfi frá Landsneti barst ekki fyrr en með bréfi dags. 26. júní 2019. Skipulags- og byggingarnefnd veitti leyfið fyrir sitt leyti 18. júlí 2019 sem fékk staðfestingu byggðarráðs 31. júlí 2019.



6

Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnsýslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.

DÆMI 2. lega Blöndulínu 3:

- Aðalskipulag Sveitarf. Skagafjarðar 2009–2021 var samþykkt í sveitarstjórn 17. desember 2009 og hjá Skipulagsstofnun 15. janúar 2010. Staðfesting ráðherra umhverfismála fékkst ekki fyrr en 25. maí 2012 og því tók aðalskipulagið ekki gildi fyrr en að því loknu.
- Samþykkt var að hefja vinnu við breytingar á aðalskipulag sveitarfélagsins 2009–2021 í janúar 2017. Meginmarkmiðið með vinnunni var að velja Blöndulínu 3 heppilegustu legu um Skagafjörð, að gera tillögu að breytttri legu Sauðárkrókslínu 2 frá Varmahlíð að Sauðárkróki og að gera tillögu að staðsetningu á nýju spennivirki á Sauðárkróki. Blöndulína 3 er eins og fram hefur komið afar mikilvæg fyrir raforkuöryggi í Skagafirði en einnig yfir í Eyjafjörð.
- Legu Blöndulínu 3 var frestað í aðalskipulaginu 2009–2021 en fyrirhugaðar línuleiðir sýndar á uppdrætti sem annars vegar Héraðsvatnaleið og hins vegar Efribyggðarleið.
- Á öllum stigum málsins komu fram öflug mótmæli þeirra landeigenda jarða sem línan hugsanlega færi um, auk þess sem safnað var undirskriftum víðsvegar um land til að mótmæla línunni. Þá komu einnig athugasemdir frá ýmsum stofnunum og félagasamtökum.
- Mótmælin beindust einkum að því að línan væri „stóriðjulína“ og ekki væri þörf fyrir svo öflugt flutningskerfi. Þá var hin meginkrafan að línan yrði öll lögð í jörðu. Hvoru tveggja athugasemdir sem frekar ættu heima inn á borði ríkis en sveitarfélags.

6

Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnsýslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.

DÆMI 2. lega Blöndulínu 3. framhald:

Vinnuferill vegna breytingarinnar var eftirfarandi:

- Janúar 2017 - samþykkt að hefja vinnuna.
- Mars 2017 - skipulags- og matslýsing auglýst.
- Júní 2017 - samþykki sveitarstjórnar á málsmeðferð skipulags- og byggingarnefndar á kynningu á skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021.
- Janúar 2018 - samþykkt að kynna vinnslutillögu.
- Apríl 2018 - vinnslutillaga samþykkt og send Skipulagsstofnun.
- Desember 2018 - skipulagstillaga samþykkt í auglýsingu. Byggð á uppfærðri vinnslutillögu þar sem tillit hafði verið tekið til athugasemda.
- Janúar 2019 - opnir kynningarfundir.
- Janúar 2019 - athugasemdarfrestur við skipulagstillöguna framlengdur.
- Apríl 2019 - samþykkt breytingartillaga.
- Júní 2019 - staðfesting Skipulagsstofnunar, auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda um staðfestingu.
- Desember 2019 - sveitarfélagið fær stefnu þar sem krafist er að breytingar tengdar Blöndulínu 3 verði felldar úr gildi. Bótakrafa einnig.



7

Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.

Samgöngur

Það sem af er vetri hafa liði margir dagar þar sem allar akstursleiðir inn og út úr landshlutanum eða hluta hans hafa verið lokaðar. Ekki þarf að fjölyrða um þá aðstöðu sem kemur upp í slíkum tilfellum ef alvarleg slys eiga sér stað. Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu undanfarin ár og áratugi gerir því samgöngur enn mikilvægari en ella. Skv. [úttekt Háskólans á Akureyri á heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi vestra](#) eru nánast engir íbúar á Norðurlandi vestra í minna en klukkustundar fjarlægð frá sérhæfðu sjúkrahúsi með sólarhringsaðgang að skurðstofu. Annars staðar á landinu er hlutfallið frá 50 – 100%.

Eftirfarandi aðgerðir eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi íbúa við slíkar aðstæður:

- Skilgreina þarf Sauðárkróksflugvöll á ný í grunnnet flugvalla, ganga í nauðsynlegar endurbætur og tryggja viðunandi viðhald hans svo hann megi rækja öryggishlutverk sitt.
- Ráðast þarf í nauðsynlegar endurbætur á Blönduósflugvelli en sökum staðsetningar sinnar við þjóðveg 1 er hann gríðarlega mikilvægur þegar slys verða á fólki og mínútur skipta máli.
- Hafin verði rannsókn á hagkvæmni þess að gerð verði jarðgöng í gegnum Tröllaskaga. Samhliða verði efnahags- og samfélagsleg áhrif af slíkri framkvæmd skoðuð, bæði fyrir Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsvæðið.
- Efla þarf starfsstöðvar Vegagerðarinnar í landshlutanum og auka fjármagn til þjónustu jafnt sumar sem vetur verulega.
- Um aðrar brýnar framkvæmdir í landshlutanum er vísað til [Samgöngu- og innviðaáætlunar Norðurlands vestra](#).

7

Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.

Smærri orkuframleiðendur

Við uppbyggingu raforkukerfisins ætti einnig að horfa til smærri orkuframleiðenda innan hvers svæðis. Mér því móti má í senn styrkja byggðir landsins sem og bæta raforkuöryggi staðbundið. Frá árinu 2018 hafa Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hvatt til uppbygginga smávirkjana á starfssvæðinu með [Smávirkjanasjóði](#) og hafa verkefni hlotið styrki til forathugana og arðsemismats ásamt frekari vinnu. Akrahreppur stóð einnig fyrir vel sóttum fundi um smávirkjanamál á árinu 2019. Áhugi á smávirkjunum er því mikill á svæðinu. Ávinningurinn sem skapast af aukinni raforkuframleiðslu í dreifbýlinu verður seint ofmetinn, sérstaklega þegar ofsaveður bresta á eða náttúruhamfarir valda því að stóru raforkuflutningskerfin bregðast. Styðja þarf við þessa uppbyggingu með myndarlegri hætti en nú er. SSNV hefur fjármagnað þann stuðning sem þaðan er veittur í gegnum sóknaráætlun en mun meira fjármagn þarf að koma til frá ríki til að hvetja þessa þróun enn frekar.

Framkvæmdaáform sveitarfélaga og tillögur að framkvæmdum á Norðurlandi vestra



Inngangur

Skv. beiðni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hafa framkvæmdaáform sveitarfélaga á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra verið tekin saman. Um er að ræða verkefni sem sveitarfélögin hafa þegar ákveðið að ráðast í, verkefni sem hugsanlegt er að ráðast í á næstu misserum í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og hugmyndir að ríkisframkvæmdum í landshlutanum.

Einnig er vísað til verkefna sem fram koma í sameiginlegum áætlunum sveitarfélaganna, svo sem [Samgöngu og innviðaáætlun Norðurlands vestra](#) og [Áfangastaðaáætlun Norðurlands](#). Jafnframt er vísað til yfirlits yfir [nauðsynlega uppbyggingu innviða í landshlutanum](#) sem unnin var eftir óveðrið í desember 2019.

Vert er að taka fram að verkefnum er ekki forgangsraðað í þessari samantekt.



Sveitarfélög á Norðurlandi vestra: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósþing, Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.
Íbúafjöldi 1. janúar 2020: 7324.

Sveitarfélagið Skagafjörður

Fyrirhugaðar framkvæmdir eignasjóðs

- Gatnaframkvæmdir á Sauðárkróki og Varmahlíð
- Gangstéttar á Sauðárkróki.
- Framkvæmdir við opin svæði.
- Umfangsmiklar framkvæmdir við fasteignir
- Tækjabúnaður

Heildarupphæð fyrirhugaðra framkvæmda eignasjóðs: 336.950.000

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafnarsjóðs

- Grjótvörn við Hofsóshöfn,
- Smábátahöfn Sauðárkróki

Heildarupphæð fyrirhugaðra framkvæmda hafnarsjóðs: 19.200.000



Sveitarfélagið Skagafjörður, frh.

Meiriháttar viðhald fasteigna

- Skólabyggingar samtals kr. 15.150.000
- Íþróttamannvirki samtals kr. 34.250.000
- Félagsheimili samtals kr. 1.000.000
- Aðrar fasteignir kr. 34.600.000



Sveitarfélagið Skagafjörður, frh.

Verkefni á vegum ríkis og/eða sveitarfélaga í Skagafirði sem brýnt er að flýta sem mest má:

- Skagafjarðahafnir
 - Rannsóknir undirbúningur og framkvæmdir við nýja ytri höfn á Sauðárkróki.
 - Nýr hafnsögubátur fyrir Skagafjarðarhafnir
 - Lagfæringar á grjótnargarði á Strandvegi
 - Lagfæringar á grjótnargarði á Skarðseyri
 - Lenging á Norðurgarði í Sauðárkrókshöfn
 - Lengingar á sandföngurum við Skarðseyri
- Mikilvægar byggingarframkvæmdir
 - Flýting framkvæmda við menningarhús á Sauðárkróki
 - Stækkun verk- og bóknámshús Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra
 - Fjölgun hjúkrunarrýma við Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki



Sveitarfélagið Skagafjörður, frh.

- Mikilvægir samfélagslegir innviðir
 - Flýting á lagningu loftlína í dreifikerfi raforku í jörðu
 - Þrífösun rafmagns á Skaga
 - Þrífösun annarsstaðar þar sem henni er ólokið
 - Endurbætur og lagfæringar á Sauðárkróksflugvelli
 - Endurnýjun á nauðsynlegum búnaði á Sauðárkróksflugvelli
 - Stuðningur við hitaveituvæðingu
- Lagning bundis slitlags á vegi í sveitarfélaginu
- Lagfæring brúar yfir Hofsa á Hofsósi
- Stóraukið fjármagn í reiðvegi
- Undirbúningur og upphaf jarðganga frá Fljótum til Siglufjarðar
- Undirbúningur Tröllaskagaganga



Húnaþing vestra

Fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins

Viðbygging við Grunnskóla Húnaþings vestra

Hafin er vinna við viðbyggingu við Grunnskólann. Áætlaður framkvæmdatími er 2 ár og kostnaður á bilinu 650-700 milljónir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir taki 2 ár.

Hitaveita

Endurnýjun lagna á Hvammstanga, verkefni sem mun taka nokkur ár

Viðgerðir á borholu og dælustöð á Laugarbakka

Aðrar framkvæmdir

Malbikun nýrrar götu og gerð gangsetta við hana



Húnaþing vestra, frh.

Hugsanleg verkefni á vegum ríkis og/eða sveitarfélaga:

Félagsheimilið á Hvammstanga

- Nauðsynlegar endurbætur
- Skilgreining hússins sem menningarhúss.

Heildarkostnaður um 193.000.000

Selasetur Íslands

Selasetur Íslands er ein af grunnstoðum í ferðaþjónustu á svæðinu og hefur mikið aðdráttarafl, bæði rannsóknirnar sem þar fara fram og sýningin þar sem rannsóknum er m.a. miðlað. Einnig byggir setrið undir selaskoðun á svæðinu og gegnir hlutverki upplýsingamiðstöðvar með stuðningi sveitarfélagsins. Því er mikilvægt að efla selarannsóknir við Selasetur Íslands og styrkja rekstrargrundvöll þess. Þessa aðgerð er hægt að fara í strax með litlum tilkostnaði.



Húnaþing vestra, frh.

Hvammstangahöfn

Mikil þörf er orðin á viðhaldsframkvæmdum á Hvammstangahöfn. Sótt var um á samgönguáætlun en ekkert fjármagn fékkst í viðhald sem er mjög bagalegt og óljóst er hversu lengi hægt er að tryggja öryggi þeirra sem nýta höfnina ef eðlilegt viðhald fer ekki fram. Til er ítarleg greining á viðhaldsþörf.

Girðingar

Í óveðrinu í desember sl. varð mikið tjón í Húnaþingi vestra sem ekki er hægt að meta að fullu fyrr en snjóa leysir. Ljóst er að mikið tjón er hjá bændum sem og sveitarfélaginu. Gera má ráð fyrir að heiðargirðingar séu mjög skemmdar eða ónýtar á köflum sem getur haft þau áhrif að ekki verði hægt að reka fé á fjall ef ekki verður búið að gera við heiðargirðingarnar í tíma. Það er ljóst að í vor er mikil vinna framundan að gera við girðingar bæði á heiðum og í byggð. Því væri einbúið að fara í átaksverkefni í girðingavinnu sem myndi skapa tímabundin störf meðan ferðapjónustan er að ná sér á strik. Einnig er mjög mikilvægt að tryggja fjármagn í Bjargráðasjóð til að styrkja bændur við viðgerðir á girðingum.



Húnaþing vestra, frh.

Vatnsnesvegur

Húnaþing vestra leggur áherslu á að framkvæmdum við Vatnsnesveg verði flýtt og vegurinn færður frammar í samgönguáætlun

Þrífösun rafmagns

Húnaþing vestra hvetur til þess að þrífösun rafmagns á Vatnsnesi verði flýtt, hluti af nesinu er ekki á framkvæmdaáætlun fyrr en 2026-2035



Blönduósbær

Helstu framkvæmdir hjá Blönduósbæ

- Viðbygging við grunnskóla undir verknámsaðstöðu – heildarkostnaður um 300.000.000
- Uppbygging innviða á iðnaðarsvæði – heildarkostnaður um 190.000.000

Tillögur að framkvæmdum og aðgerðum:

- Lágmarksframkvæmdir til viðhalds á Blönduósflugvelli, sem áætlaðar hafa verið 7 milljónir, til að völlurinn geti þjónað sjúkraflugi.
- Uppbygging og viðhald bygginga ríkisins á Kvennaskólareit á Blönduósi skv. úttektum og áætlunum sem liggja fyrir.
- Flýta þeim framkvæmdum sem þegar eru á áætlunum, s.s. nýjum Þverárfjallsvegi og fleiri opinberum vegaframkvæmdum á svæðinu.
- Fella niður VSK af skólabyggingum og öðrum opinberum framkvæmdum sem eru til þess gerðar að styrkja innviði (fyrir því eru fordæmi).



Blönduósþær, frh.

- Samþykkja þegar framkomna þingsályktun um að fella niður gjöld af byggingum og öðrum framkvæmdum/tækjakaupum björgunarsveita.
- Veita auknu opinberu fé í uppbyggingu ferðamannastaða, sérstaklega á Norðurlandi vestra þar þar sem lítið kom inn á svæðið í síðustu úthlutun.
- Styrking á raforkukerfi og tengdum innviðum, s.s. lagning strengs/línu inn á gagnaverssvæði við Blönduós, frá Blöndu til Hrútatungu, o.fl.
- Sérstakt átak í umhverfisvænum framkvæmdum, framkvæmdum sem styðja við Heimsmarkmiðin og loftslagsstefnu stjórnvalda.
- Samgöngumál af öllu tagi, innanlandsflug, almenningssamgöngur, vegaframkvæmdir, einbreiðar brýr, skilgreindar stoppistöðvar ferðamanna o.fl.



Sveitarfélagið Skagaströnd

Verkefni sem hægt væri að ráðast í/flýta

- Klára þarf framkvæmdir við smábátahöfn og koma henni í nothæft ástand til framtíðar, kostnaður um 30.000.000
- Ráðast þarf í framkvæmdir við Ásgarð og eldri hafnarmannvirki (verkefnið er á samgönguáætlun), kostnaður um 300.000.000
- Fráveituframkvæmdir, áætlaður kostnaður um 187.000.000
- Hönnun og þarfagreining vegna heitra lauga á svæðinu (fráveituframkvæmdir eru forsenda þess að verkefnið raungerist). Hugmyndir í takt við fyrirhugað átak ríkisstjórnar um að ráðast í markaðssetningu fyrir ferðamenn þegar veiran gengur yfir. Kostnaður áætlaður 20.000.000 í grunnvinnu. Heildarframkvæmd 800-1.200.000.000
- Móttökueldhús í Höfðaskóla til að auka öryggi grunnskólabarna, áætlaður kostnaður um 30.000.000
- Viðhald fasteigna (félagslegt húsnæði) bæði að innan og utan. Áætlaður kostnaður um 50.000.000
- Frágangur á hafnarlóð/grænt svæði, áætlaður kostnaður um 12.000.000
- Malbikun gatna, áætlaður kostnaður um 25.000.000



Húnavatnshreppur

Uppbygging við Þrístapa

Húnavatnshreppur vinnur nú að uppbyggingu útisýningar við Þrístapa þar sem síðasta aftaka á Íslandi fór fram. Um er að ræða metnaðarfullt verkefni sem mun verða mikilvægur segull fyrir ferðamenn á Norðurlandi vestra. Verkefnið hefur verið stutt af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða en nauðsynlegt er að viðbótarstuðningur fái til að hraða megi framkvæmdum og þannig stykja ferðapjónustu í landshlutanum.

Textíll á Húnavöllum

Uppbygging textílbúða á Húnavöllum í samstarfi Húnavatnshrepps og Textílmíðstöðvar – þekkingaseturs á Blönduósi. Um er að ræða þróun á menningartengdri ferðapjónustu sem styður sérstöðu svæðisins sem sauðfjarræktarhéraðs og skapar atvinnutækifæri í dreifbýli. Verkefnið er áhersluverkefni SSNV árin 2020-2021 en þörf er á frekari stuðningi til að það megi verða að veruleika.



Samgöngu- og innviðaaáætlun

Samgöngu- og innviðaaáætlun Norðurlands vestra var samþykkt í júní 2019. Í áætluninni sammælast sveitarfélögin á starfssvæðinu um mikilvægustu samgönguframkvæmdirnar. Tvö verkefni í vegaf framkvæmdum eru sameiginleg áhersla allra sveitarfélaganna.

SAMEIGINLEG FORGANGSRÖÐUN SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

1. Nýbygging Skagastrandarvegur nr. 74 frá Þjóðvegi 1 að Laxá skorar hátt hvað varðar öryggi, greiðfærni og byggðamál á samgönguáætlun. Nauðsynlegt er að hraða framkvæmdum við veginn og flytja þær frammar í verkefnaröðinni á gildandi samgönguáætlun.
2. Vatnsnesvegur er á kafla umferðarmesti malarvegurinn á Norðurlandi vestra. Nauðsynlegt er að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann bundið slitlag sem allra fyrst.



Samgöngu- og innviðaaáætlun, frh.

Í áætluninni tilgreina sveitarfélögin jafnframt helstu áhersluverkefni í eftirfarandi flokkum:

- Vegamál
- Hafnamál
- Sjóvarnir
- Fjarskiptamál
- Almenningsamgöngur
- Flugsamgöngur
- Hitaveita
- Raforkukerfi

Vísað er til [Samgöngu- og innviðaaáætlunar Norðurlands vestra](#) varðandi ítarlegri umfjöllun.




Verkefni á Áfangastaðaáætlun

Áfangastaðaáætlun Norðurlands tilgreinir verkefni á Norðurlandi vesta sem brýnt er að ráðast í til að efla ferðapjónustu í landshlutanum.

Eins og fram hefur komið runnu nær engin framlög til landshlutans í síðustu úthlutun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og landsáætlun. Því er afar brýnt að stutt verði við þessa mikilvægu atvinnugrein með markvissri uppbyggingu innviða til að fjölga seglum inn á svæðið.

Nánari umfjöllun er að finna í [Áfangastaðaáætlun Norðurlands](#).



Samantekt fyrir átakshóp

Í janúar 2020 var unnin samantekt á nauðsynlegum aðgerðum í landshlutanum að beiðni átakshóps um uppbyggingu innviða í kjölfar óveðurs í desember. Í þeirri samantekt er að finna ítarlega útlitun á þeim innviðum sem nauðsynlegt er að byggja upp og styrkja. Allar þær aðgerðir sem þar eru tilgreindar eru til þess fallnar að styrkja efnahagslíf á Norðurlandi vestra og því vel til þess fallnar að flýta. Einhverjar þessara aðgerða hafa verið nefndar hér að framan en ítarlega er fjallað um þær í samantektinni.

Vísað er til [samantektar fyrir átakshóps stjórnvalda vegna veðurs í desember 2020](#) fyrir ítarlegri útlitun.

